

Gistiskýrslur 2010

Tourist accommodation 2010

Samantekt

Heildarfjöldi seldra gistinátta var tæpar 3 milljónir árið 2010, en það er svipaður fjöldi og árið 2009. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 71,2% af heildarfjölda gistinátta árið 2010 og sem fyrr keyptu Þjóðverjar flestar gistinætur, þá Bretar og svo Frakkar. Í samanburði við árið 2009 fjölgaði gistinóttum Belga hlutfallslega mest eða um rúm 25%. Gistinóttum Kanadamanna fjölgaði um 14% og Bandaríkjamanna um 10%. Gistinóttum Ítala fækkaði hlutfallslega mest frá fyrra ári eða um 24%, gistinóttum Spánverja fækkaði um 20% og Japana um 17%.

Flestar gistinætur árið 2010 voru á hótélum og gistiheimilum eða 68%, á tjaldsvæðum voru 19% gistinátta og 6% á farfuglaheimilum. Gistinóttum fjölgaði milli ára á hótélum og gistiheimilum, farfuglaheimilum og heimagististöðum en fækkaði á öðrum tegundum gististaða.

Gistinóttum eftir landsvæðum fjölgaði hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi vestra. Gistinóttum fjölgaði einnig á Austurlandi, Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum. Gistinóttum fækkaði lítillega á Vesturlandi og Vestfjörðum. Á Suðurlandi fækkaði gistinóttum mest á milli ára eða um rúm 12%. Samdráttur seldra gistinátta á Suðurlandi er vegna eldgoss í Eyjafjallajökli, en þrátt fyrir það voru þær tæplega 7% fleiri á síðasta ári en árið 2008.

Inngangur

Rannsókn Hagstofunnar tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka, stéttar- og starfsmannafélaga. Gistináttatalning Hagstofunnar er þýðisrannsókn og árið 2010 var beðið um upplýsingar frá 768 gististöðum. Heimtur voru góðar hjá stærri gististöðum en lakari hjá smærri aðilum. Upplýsingar um gistirými sem liggja fyrir nýttast til að áætla gistinætur hjá stöðum sem ekki skila gögnum. Rannsóknin nær til allra gististaða óháð því hvort viðkomandi staður hafi gistileyfi. Hagstofan telur að gististaðir sem gætu verið vantaldir séu yfirleitt smáir heimagististaðir sem leigja út fá herbergi óreglulega yfir árið og hafa óveruleg áhrif á heildarniðurstöður. Árið 2010 var gögnum safnað frá 127 heimagististöðum og eru þær gistinætur 1,8% af heildarfjölda gistinátta árið 2010.



Heildarfjöldi gistinátta

Gistinóttum fækkar um 0,3%

Heildarfjöldi seldra gistinátta var 2.991.522 árið 2010 sem er 0,3% samdráttur frá árinu 2009 þegar gistinætur voru 2.999.959.¹ Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 71,2% af heildarfjölda gistinátta árið 2010 sem er sambærilegt hlutfall og fyrri ár. Gistinætur Íslendinga voru 862.349 á síðasta ári og útlendinga 2.129.173. Heildarfjöldi gistinátta erlendra ríkisborgara er sem næst óbreyttur milli ára en nokkrar breytingar eru á niðurstöðum eftir þjóðerni. Þjóðverjar kaupa flestar gistinætur sem fyrr en gistinætur þeirra voru 424 þúsund á síðasta ári og fjölgaði um 7% árið 2010. Gistinætur Breta voru næstflestar eða 260 þúsund og fækkaði um 7% frá fyrra ári. Gistinætur Frakka voru 180 þúsund og Bandaríkjamanna 160 þúsund árið 2010. Gistinóttum íbúa frá Belgíu fjölgaði mest frá árinu 2009 eða um rúm 25%, gistinóttum Kanadamanna fjölgaði um 14% og Bandaríkjamanna um 10%. Gistinóttum Ítala fækkaði hlutfallslega mest frá fyrra ári eða um 24%, gistinóttum Spánverja fækkaði um 20% og Japana um 17% (sjá töflu 6, bls. 18).

Eldgos veldur fækkun á Suðurlandi

Sem fyrr eru flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eða rúm 40% af heildarfjölda árið 2010. Ríflega 18% gistinátta voru á Suðurlandi og 14% á Norðurlandi eystra. Gistinætur erlendra ríkisborgara eru flestar á höfuðborgarsvæðinu en gistinætur Íslendinga voru flestar á Suðurlandi og Norðurlandi eystra. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði hlutfallslega mest frá árinu 2009 og á Norðurlandi vestra um rúm 4%; einnig fjölgaði gistinóttum samanborið við fyrra ár á Austurlandi, Norðurlandi eystra og á Suðurnesjum. Gistinóttum fækkaði lítillega á Vesturlandi og Vestfjörðum samanborið við árið 2009. Gistinóttum á Suðurlandi fækkaði mest á milli ára eða um rúm 12%. Samdráttur gistinátta á Suðurlandi er vegna eldgoss í Eyjafjallajökli, en þrátt fyrir það voru þær tæplega 7% fleiri á síðasta ári en árið 2008 (sjá töflu 4, bls. 16).

Tafla 1. Gistinætur á öllum tegundum gististaða eftir landsvæðum 2010*

*Table 1. Overnight stays in all types of accommodation establishments by region 2010**

	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Alls Total	2.991.522	862.349	2.129.173
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.198.307	134.447	1.063.860
Suðurnes <i>Southwest</i>	92.222	19.246	72.976
Vesturland <i>West</i>	228.102	128.753	99.349
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	112.969	62.355	50.614
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	112.647	61.708	50.939
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	423.057	181.117	241.940
Austurland <i>East</i>	292.930	83.821	209.109
Suðurland <i>South</i>	531.288	190.902	340.386


* Sjá Íslandskort með landsvæðaskiptingu á baksíðu. *See map of Iceland with regional division on back cover.*

Gistinóttum fjölgaði milli ára á hótélum og gistiheimilum, farfuglaheimilum og heimagististöðum en fækkaði á öðrum tegundum gististaða. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á farfuglaheimilum, um 7%. Gistinóttum fækkaði hlutfallslega mest í skálum í óbyggðum eða um ríflega 25% samanborið við árið 2009. Flestir skála eru á Suðurlandi og hafði eldgosíð áhrif á nýtingu þeirra (sjá töflu 5, bls. 17).

¹ Fyrri tölur fyrir árið 2009 hafa hækkað vegna nýrra upplýsinga.

Mynd 1. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2010

Figure 1. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2010



Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

Tafla 2. Fjöldi gistinátta eftir tegund gististaða 2010

Table 2. Number of overnight stays by type of accommodation 2010


Gistinætur <i>Overnight stays</i>	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Allar tegundir gististaða <i>All acc. establishments</i>	2.991.522	862.349	2.129.173
Þar af <i>Thereof</i>			
Hótel og gistiheimili <i>Hotels and guesthouses</i>	2.025.045	404.448	1.620.597
Heimagististaðir <i>Private home accommodation</i>	54.248	14.602	39.646
Orlofshúsabyggðir <i>Holiday centres</i>	110.866	42.153	68.713
Farfuglaheimili <i>Youth hostels</i>	169.641	17.611	152.030
Svefnpokagististaðir <i>Sleeping-bag facilities</i>	28.607	10.268	18.339
Tjaldsvæði <i>Camping sites</i>	552.598	350.997	201.601
Skálar í óbyggðum <i>Lodges in wilderness</i>	50.517	22.270	28.247

68% allra gistinátta eru á hótélum og gistiheimilum

Árið 2010 voru 68% allra gistinátta á hótélum og gistiheimilum en 18% á tjaldsvæðum. Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Þannig voru 47% gistinátta Íslendinga á hótélum og gistiheimilum en 76% gistinátta útlendinga. Á hinn bóginn var 41% gistinátta Íslendinga á tjaldsvæðum árið 2010 en einungis 9% gistinátta erlendra ríkisborgara.

Mynd 2. Gistinætur Íslendinga eftir tegund gististaða 2010

Figure 2. Overnight stays of Icelanders by type of accommodation 2010




Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

40% allra gistinátta eru á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2010 voru 40% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu samanborið við 38% árið 2009. Helmingur gistinátta erlendra ríkisborgara var á höfuðborgarsvæðinu en 16% gistinátta Íslendinga. Umtalsverður munur er á vali áfangastaða eftir ríkisfangi. Þannig er 71% gistinátta Norðurlandabúa á höfuðborgarsvæðinu og 10% á Suðurlandi. Fjöldi gistinóttu íbúa frá öðrum Evrópuríkjum á höfuðborgarsvæðinu voru 41% og 19% á Suðurlandi. Gistinætur ferðamanna frá ríkjum utan Evrópu voru í 65% tilvika á höfuðborgarsvæðinu og 12% á Suðurlandi. Flestar gistinætur Íslendinga árið 2010 voru sem fyrr á Suðurlandi þrátt fyrir náttúruhamfarir. Af heildarfjölda gistinátta Íslendinga voru 22% á Suðurlandi samanborið við 27% árið 2009. Norðurland eystra var með 21% af gistinóttum Íslendinga á síðasta ári, 16% voru á höfuðborgarsvæðinu og 15% á Vesturlandi (sjá töflu 8, bls. 20).

Mynd 3. Gistinætur útlendinga eftir tegund gististaða 2010

Figure 3. Overnight stays of foreigners by type of accommodation 2010




Note: For English translation of type of accommodation, see table 1.

Meðaldvalarlengd Ferðamenn dvöldust að meðaltali 1,7 nætur á hverjum gististað árið 2010. Meðaldvalarlengd eftir tegundum gististaða og landsvæðum hefur lítið breyst undanfarin ár (sjá töflur 9 og 10, bls. 21–22).

72% fjölgun gistinátta á 10 árum Töluverð aukning hefur orðið á heildarfjölda gistinátta síðustu 10 ár. Árið 2000 voru gistinætur á öllum tegundum gististaða 1.736.919 en árið 2010 voru þær 2.991.522. Heildarfjöldi gistinátta hefur því aukist um 72% á 10 árum, gistinóttum erlendra ríkisborgara hefur fjölgað um 86% en gistinættur Íslendinga hafa aukist um 45%.

Mynd 4. Gistinætur Íslendinga eftir landsvæðum 2010, allar gerðir gististaða


Figure 4. Overnight stays of Icelanders by region 2010, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Mynd 5. Gistinætur útlendinga eftir landsvæðum 2010, allar gerðir gististaða

Figure 5. Overnight stays of foreigners by region 2010, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hótel og gistiheimili

Aukning á hótélum og gistiheimilum

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 0,9% milli ára 2009 og 2010. Gistinætur voru 2.025.245 á árinu 2010 og fjölgaði um 18.500 frá fyrra ári. Gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgaði um 1,2% en gistinætur Íslendinga stóðu í stað. Frá árinu 2009 hefur gistirými á hótélum og gistiheimilum aukist, herbergjum fjölgaði um 4,9% og rúmum um 5,1%.

Tafla 3. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2010

Table 3. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2010


	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Alls Total	2.025.045	404.448	1.620.597
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	1.089.985	128.716	961.269
Suðurnes <i>Southwest</i>	79.201	17.103	62.098
Vesturland <i>West</i>	94.075	31.822	62.253
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	50.257	22.924	27.333
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	49.622	21.632	27.990
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	231.466	75.324	156.142
Austurland <i>East</i>	157.972	30.634	127.338
Suðurland <i>South</i>	272.467	76.293	196.174

Hlutfallslega mest aukning á Suðurnesjum

Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2010 voru sem fyrr flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eða 53,8%. Á Suðurlandi voru 13,5% gistinátta, 11,4% á Norðurlandi eystra og 7,8% á Austurlandi. Á hótélum og gistiheimilum hefur hlutfall gistinátta útlendinga vaxið með árunum og eru nú rúm 80%. Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði frá árinu 2009 á Suðurnesjum um 6,7%, á höfuðborgarsvæðinu um 4,5% og á Norðurlandi eystra um 0,9%. Á öðrum landsvæðum fækkaði gistinóttum á hótélum og gistiheimilum, mest á Vestfjörðum, um 19,7%. Á Vesturlandi fækkaði gistinóttum um rúm 12% frá fyrra ári og á Austurlandi um tæp 4% (sjá töflu 11, bls. 23).

Mynd 6. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2010

Figure 6. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2010




Note: For English translation of regional division, see table 2.

Lakari nýting herbergja

Nýting herbergja og rúma var 43,7% árið 2010 en 46% árið 2009. Nýting rúma var 35,7% á síðasta ári en 37,7% árið 2009. Athygli vekur að þrátt fyrir lakari nýtingu á árinu var nýting herbergja og rúma betri fyrstu þrjá mánuði ársins 2010 en árið áður. Breytingu í nýtingu á herbergjum og rúmum í apríl má væntanlega rekja til eldgoss í Eyjafjallajökli sem hófst 14. apríl (sjá töflur 13 og 14, bls. 25–26).

Mynd 7. Fjöldi herbergja á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2010

Figure 7. Number of hotel rooms and guesthouses by region 2010




Note: For English translation of regional division, see table 2.

Heimtur um 90%

Framboð gistiþjónustu er mest í flokki hótela og gistiheimila. Heimtur upplýsinga um gistináttafjölda á hótélum og gistiheimilum hafa verið um og yfir 90% af heildarfjölda gistinátta í hverjum mánuði. Upplýsingar um gistirými eru til fyrir alla staði í þessum flokki. Áætlanir um nýtingu gistirýmis og skiptingu gesta eftir ríkisfangi á gististöðum sem ekki hafa skilað upplýsingum eru því nokkuð öruggar.

Mynd 8. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2010

Figure 8. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2010



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hvaða staðir flokkast sem hótél og gistiheimili?

Til hótela og gistiheimila teljast hótél, hótélíbúðir og gistiheimili sem starfa allt árið, svo og sumarhótél og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótél og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða lágmarks hótélþjónustu, þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Um 68% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gliststöðum í þessum flokki.

Hótél

Gistinóttum á hótélum fækkar um 1,8%


Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá flestum hótélum. Á hótélum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótélum voru mjög góðar árið 2010.

Gistinætur á hótélum voru 1.309.691 árið 2010 og fækkaði um tæp 1,8% frá fyrra ári. Gistinóttum útlendinga fækkaði um 1,9% samanborið við árið 2009 og gistinóttum Íslendinga fækkaði um 1,5%. Gistinóttum á hótélum fækkaði hlutfallslega mest á milli ára á Austurlandi eða um 4,8%, á Norðurlandi fækkaði gistinóttum um 3,6% og á höfuðborgarsvæðinu um 2,3%. Gistinóttum á hótélum fjölgaði á öðrum landsvæðum, mest á Suðurnesjum, um 2,9%, og um 2,3% á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfirða. Á Suðurlandi fjölgaði gistinóttum á hótélum um 0,3% samanborið við árið 2009.

Á sama tíma og gistinóttum á hótélum fækkar hefur framboð gistirýmis á hótélum aukist. Fjöldi gististaða sem flokkast sem hótél hefur fjölgað um 3 eða 2,5% frá fyrra ári. Framboð herbergja hefur aukist um 2,6% og fjöldi rúma um 1,7% samanborið við árið 2009 (sjá töflu 16, bls. 28).

Mynd 9. Fjöldi herbergja á hótélum eftir landsvæðum 2010


Figure 9. Number of hotel rooms by region 2010



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Mynd 10. Gistinætur á hótélum eftir landsvæðum 2010

Figure 10. Overnight stays in hotels by region 2010



Note: For English translation of regional division, see table 2.


Heimastistaðir

Aukning gistinátta um 1,8% á heimastistaðum

Til heimastistaða telst öll gisting á einkaheimilum. Gistinætur á heimastistaðum árið 2010 voru 54.248 en 53.271 árið 2009; 1,8% aukning á milli ára. Gistinóttum á heimastistaðum fjölgaði mest á Vesturlandi eða um 16%. Á Norðurlandi vestra fjölgaði gistinóttum um 11% frá fyrra ári og um 7% á höfuðborgarsvæðinu. Gistinætur á heimastistaðum á Vestfjörðum voru svipaðar á milli ára en gistinóttum fækkaði á öðrum landsvæðum. Gistinóttum fækkar mest á milli ára á Austurlandi eða um 18%, á Suðurlandi fækkar gistinóttum á heimastistaðum um tæp 4% og um 2% á Norðurlandi eystra. Athygli vekur að gistinóttum Íslendinga fækkar um 4,3% á milli ára en gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgar jafnmikið. Gistirými í flokki heimastistaða jókst á milli ára og fjölgaði gisti-stöðum úr 120 í 127 og rúmum úr 1.065 í 1.183, eða 11% (sjá töflu 17, bls. 28).

Mynd 11. Gistinætur á heimastistaðum eftir landsvæðum 2010

Figure 11. Overnight stays at private-home accommodations by region 2010



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Orlofshúsabyggðir

2,4% fækkun gistinátta í orlofshúsabyggðum


Gistinætur í orlofshúsabyggðum árið 2010 voru 110.866 og fækkaði um 2,4% frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga í orlofshúsabyggðum fækkaði um 9,4% milli ára en gistinóttum útlendinga fjölgaði um 2,5%. Gistinóttum fjölgaði um 32% á Austurlandi og um rúm 9% á Norðurlandi. Á samarlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða fækkaði gistinóttum í orlofshúsabyggðum um 20% og 7,6% á Suðurlandi (sjá töflu 18, bls. 29).

Hvað er orlofshúsabyggð?

Orlofshúsabyggð er sumarhúsa- eða smáhýsahverfi með a.m.k. þremur hús-um. Einungis er átt við sumarhús sem leigð eru út í hagnaðarskyni, ekki orlofshús fyrirtækja og félagasamtaka.

Mynd 12. Gistinætur í orlofshúsabyggðum eftir landsvæðum 2010

Figure 12. Overnight stays in holiday centres by region 2010



Note: For English translation of regional division, see table 2.


Farfuglaheimili

Fjöldi gistinátta eykst um 6,5% milli ára

Gistinætur á farfuglaheimilum voru 169.641 árið 2010 og jukust um 6,5% frá árinu 2009 þegar þær voru 159.317. Gistinætur erlendra ríkisborgara vega sem fyrr þungt á farfuglaheimilum eða um 90% af heildarfjölda árið 2010. Gistinóttum erlendra ferðamanna fjölgaði milli ára um 6,7% en gistinóttum Íslendinga um 4,2%. Gistinóttum fjölgaði á öllum landsvæðum nema á Austurlandi þar sem þeim fækkaði um 6% frá fyrra ári. Gistinóttum fjölgaði mest á Vestfjörðum eða um 24,9%, á samarlögðu svæði höfuðborgar, Suðurnesja og Vesturlands um 9,7%, á Suðurlandi um 5,7% og á Norðurlandi um 1,6% (sjá töflu 19, bls. 30).

Mynd 13. Gistinætur á farfuglaheimilum eftir landsvæðum 2010

Figure 13. Overnight stays in youth hostels by region 2010



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Farfuglaheimili á landinu voru 32 á síðasta ári og fjölgaði um 5 frá fyrra ári. Rúmum fjölgaði um 12,6%, úr 1.410 árið 2009 í 1.587 árið 2010.

Hvað eru farfuglaheimili?

Farfuglaheimili bjóða gistingu í rúmum með sæng og kotta en gestir þurfa að hafa með sér sængurföt eða leigja þau á staðnum. Gestir geta einnig notað eigin svefn-poka.


Svefnpokagististaðir

Gistinóttum fækkar á svefnpokagististaðum

Gistinætur á svefnpokagististaðum voru 28.607 árið 2010 en 30.992 árið áður og fækkaði því um 7,7% milli ára. Gistinóttum fjölgaði á Norðurlandi vestra um 37% og á Austurlandi um 5,8%. Í öðrum landshlutum fækkar gistinóttum á milli ára, mest á Suðurlandi eða um 37,9%. Gistinóttum erlendra ríkisborgara á svefnpokagististaðum fjölgaði frá árinu 2009 um 10,6% en gistinóttum Íslendinga fækkaði um 28,8%. Starfandi svefnpokagististaðir voru 45 árið 2010 eins og árið 2009 (sjá töflu 20, bls. 31).

Mynd 14. Gistinætur á svefnpokagististöðum eftir landsvæðum 2010

Figure 14. Overnight stays in sleeping-bag facilities by region 2010



Note: For English translation of regional division, see table 2.

Hvaða gististaðir flokkast sem svefnpokagististaðir?

Svefnpokagististaðir geta verið sumarhótel, félagsheimili og skólar sem selja gistingu í svefnpokum á gólfðýnum í stórum vistarverum. Ýmis gistiheimili bjóða upp á svefnpokagistingu í rúmum en sú gisting telst með gistingu í uppþúnum rúmum gistiheimilanna. Mikilvægt er að hafa í huga að gistináttatalningin nær einungis til gistingar þar sem greiðslu er krafist. Gisting skólabarna í skólum og íþróttahúsum yfir veturinn fellur því sjaldan undir svefnpokagistingu.

Tjaldsvæði

Gistinóttum fækkar um 3%

Gistinætur á tjaldsvæðum landsins voru 552.598 árið 2010 en 568.708 árið 2009 og hefur þeim fækkað um 2,8% milli ára. Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölga á öllum landsvæðum nema höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Suðurlandi. Gistinóttum Íslendinga á tjaldsvæðum fjölgaði um 3% en gistinóttum erlendra ríkisborgara fækkaði um 12% miðað við árið 2009. Gistinóttum á tjaldsvæðum fækkaði hlutfallslega mest á Suðurlandi, um 28%, og á samanlögðu svæði höfuðborgarinnar og Suðurnesja um tæp 9%. Á öðrum landsvæðum fjölgaði gistinóttum á tjaldsvæðum milli ára, hlutfallslega mest á Vestfjörðum 28% og á Norðurlandi vestra um tæp 26%.

Tjaldsvæðum fjölga

Fjöldi tjaldsvæða, þar sem gjald er tekið fyrir gistingu, voru 149 árið 2010 og fjölgaði um 6 frá fyrra ári. Tjaldsvæðum fjölgaði í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu og Vestfjörðum (sjá töflu 21, bls. 32).

Skálar í óbyggðum

*25% samdráttur
gistinátta milli ára*

Gistinætur í skálum í óbyggðum fækkaði um 25,3% milli ára, voru 50.517 árið 2010 en 67.597 árið 2009. Gistinóttum Íslendinga fækkaði um 31% frá fyrra ári en gistinóttum útlendinga fækkaði um 20%. Flestir skálarnir, 25 af 48, eru á Suðurlandi og þangað má rekja nær alla fækkun gistinótta á milli ára. Gistinóttum í skálum á Suðurlandi fækkaði um ríflega 32% á sama tíma og gistinóttum í skálum á öðrum landsvæðum fækkaði um 8,5%. Þessi mikli samdráttur er afleiðing eldgossins í Eyjafjallajökli sem hafði mikil áhrif á hálendisferðir á Suðurlandi sumarið 2010.


Til þessa flokks teljast eingöngu þeir gistiskálar þar sem innheimt er gjald fyrir gistingu.

Fækkun gistinátta í óbyggðum

Gistinætur í óbyggðum, þ.e. bæði í skálum og á tjaldsvæðum, voru 89.744 árið 2010 en 120.627 árið 2009. Gistinóttum í óbyggðum fækkaði því um tæp 26% milli ára, hlutfallslega mest á Suðurlandi, vegna eldgoss í Eyjafjallajökli (sjá töflu 22, bls. 33).

Mynd 15. Gistinætur í skálum og tjaldsvæðum í óbyggðum 2009–2010

Figure 15. Overnight stays in lodges and camping sites in wilderness 2009–2010



Um skýrslugerðina

Framsetning gagna Í heftinu eru helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands sýndar í yfirlitstöflum og myndritum fyrir hvern flokk gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur, meðaldvalarlengd og nýtingu eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðerni gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilvikum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði ef gististaðir eru of fáir til að unnt sé að birta niðurstöður.

Gistiskýrslum fyrir síðastliðinn mánuð ber að skila inn í upphafi hvers mánaðar. Hagstofan birtir mánaðarlega á heimasíðu sinni tölur um gistinætur á hótelum en ekki fyrir aðra flokka gististaða.

Heimtur Skýrsluskil hafa verið góð frá flestum tegundum gististaða að undanskilinni heimgistingu, en í þeim flokki hefur þurft tímafrekan eftirrekstur. Árið 2010 var um 14,5% af heildarfjölda gistinátta áætlaður en 11,5% árið 2009.

Trúnaður Allar upplýsingar eru trúnaðarmál og miðast töflugerðin og önnur upplýsingagjöf við það að niðurstöður verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.

Áætlanir Áætlaður fjöldi gistinátta á gististöðum sem ekki hafa sent Hagstofunni gistiskýrslur er aðallega byggður á vitneskju um gistirými og nýtingu. Á hótelum og gistiheimilum eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými, nýtingu á öðrum sambærilegum gististöðum, upplýsingum um fyrri ár, auk annarra upplýsinga. Gistirými er þekkt á öllum gististöðum nema á svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum. Áætlun gistinátta á svefnpokagististöðum sem ekki skila skýrslum er aðallega byggð á samtölum við rekstraraðila eða ferðamálafulltrúa, einnig er notast við eldri gögn þar sem þau eru tiltæk. Áætlanir fyrir skála og tjaldsvæði eru einnig byggðar á samtölum, eldri upplýsingum og þróun gistinátta á sambærilegum tjaldsvæðum og skálum.

English summary


In this issue of Statistical Series, Statistics Iceland publishes accommodation statistics for the year 2010. Results are presented by overnight stays, arrivals, average length of stay and occupancy rates by different types of accommodation establishments. Figures are broken down by region and citizenship of guests.

The total number of overnight stays was 3 million in the year 2010, which is similar to the number of overnight stays in 2009. From 2009 to 2010 the number of overnight stays increased in hotels and guesthouses, in youth hostels and in private home accommodation. In other types of accommodation establishments the number of overnight stays decreased between years.

Overnight stays increased between the years 2009 and 2010 in the capital region and the North, East and Southwest regions. There was a decrease in overnight stays in the West region and Westfjords and in the South region overnight stays decreased by 12% between years. The decrease in the South is due to the volcanic eruption in Eyjafjallajökull, but even so the number of overnight stays was 7% higher in 2010 than it was in 2008.

Svæðaskipting í skýrslunni

Regional division in this report



Tafla 4. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta eftir landsvæðum 2009–2010, allar tegundir gististaða
 Table 4. Available accommodation and overnight stays by region 2009–2010, all types of accommodation

	Fjöldi gististaða <i>Number of acc. establishments</i>	Gistinætur <i>Overnight stays</i>		
		Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
2009	720	2.999.959	870.384	2.129.575
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	91	1.148.232	137.792	1.010.440
Suðurnes <i>Southwest</i>	16	91.454	15.546	75.908
Vesturland <i>West</i>	77	230.499	124.857	105.642
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	79	115.095	62.612	52.483
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	67	107.894	54.904	52.990
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	115	417.046	163.763	253.283
Austurland <i>East</i>	101	287.039	74.110	212.929
Suðurland <i>South</i>	174	602.700	236.800	365.900
2010	768	2.991.522	862.349	2.129.173
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	107	1.198.307	134.447	1.063.860
Suðurnes <i>Southwest</i>	16	92.222	19.246	72.976
Vesturland <i>West</i>	83	228.102	128.753	99.349
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	82	112.969	62.355	50.614
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	75	112.647	61.708	50.939
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	123	423.057	181.117	241.940
Austurland <i>East</i>	105	292.930	83.821	209.109
Suðurland <i>South</i>	177	531.288	190.902	340.386
Breyting milli ára 2009 og 2010, %				
Change between 2009 and 2010, %	6,7	-0,3	-0,9	0,0
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	17,6	4,4	-2,4	5,3
Suðurnes <i>Southwest</i>	0,0	0,8	23,8	-3,9
Vesturland <i>West</i>	7,8	-1,0	3,1	-6,0
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	3,8	-1,8	-0,4	-3,6
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	11,9	4,4	12,4	-3,9
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	7,0	1,4	10,6	-4,5
Austurland <i>East</i>	4,0	2,1	13,1	-1,8
Suðurland <i>South</i>	1,7	-11,8	-19,4	-7,0

Tafla 5. Fjöldi gistinátta Íslendinga og útlendinga eftir tegund gististaða 2006–2010

Table 5. Number of overnight stays of Icelanders and foreigners by type of accommodation 2006–2010

	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2009–2010	2006–2010
Allar tegundir gististaða							
<i>All types of accommodation</i>	2.457.068	2.662.394	2.735.989	2.999.959	2.991.522	-0,3	21,8
Íslendingar <i>Icelanders</i>	737.928	777.256	793.291	870.384	862.349	-1	17
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.719.140	1.885.138	1.942.698	2.129.575	2.129.173	0	24
Hótel og gistiheimili							
<i>Hotels and guesthouses</i>	1.727.970	1.916.579	1.946.255	2.006.503	2.025.045	0,9	17,2
Íslendingar <i>Icelanders</i>	387.148	436.554	429.153	404.749	404.448	-0,1	4,5
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.340.822	1.480.025	1.517.102	1.601.754	1.620.597	1,2	20,9
Heimagististaðir							
<i>Private-home accommodation</i>	45.822	42.665	43.412	53.271	54.248	1,8	18,4
Íslendingar <i>Icelanders</i>	14.426	12.847	13.197	15.252	14.602	-4,3	1,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	31.396	29.818	30.215	38.019	39.646	4,3	26,3
Orlofshúabyggðir							
<i>Holiday centres</i>	83.411	95.710	96.536	113.571	110.866	-2,4	32,9
Íslendingar <i>Icelanders</i>	43.836	42.740	38.582	46.549	42.153	-9,4	-3,8
Útlendingar <i>Foreigners</i>	39.575	52.970	57.954	67.022	68.713	2,5	73,6
Farfuglaheimili							
<i>Youth hostels</i>	103.069	114.039	121.690	159.317	169.641	6,5	64,6
Íslendingar <i>Icelanders</i>	9.178	11.994	14.515	16.900	17.611	4,2	91,9
Útlendingar <i>Foreigners</i>	93.891	102.045	107.175	142.417	152.030	6,7	61,9
Svefnpokagististaðir							
<i>Sleeping-bag facilities</i>	34.048	28.473	27.339	30.992	28.607	-7,7	-16,0
Íslendingar <i>Icelanders</i>	12.239	10.443	11.706	14.412	10.268	-28,8	-16,1
Útlendingar <i>Foreigners</i>	21.809	18.030	15.633	16.580	18.339	10,6	-15,9
Tjaldsvæði							
<i>Camping sites</i>	401.855	405.993	441.927	568.708	552.598	-2,8	37,5
Íslendingar <i>Icelanders</i>	241.676	232.071	255.513	340.180	350.997	3,2	45,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	160.179	173.922	186.414	228.528	201.601	-11,8	25,9
Skálar í óbyggðum							
<i>Lodges in the wilderness</i>	60.893	58.935	58.830	67.597	50.517	-25,3	-17,0
Íslendingar <i>Icelanders</i>	29.425	30.607	30.625	32.342	22.270	-31,1	-24,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	31.468	28.328	28.205	35.255	28.247	-19,9	-10,2

Tafla 6. Heildarfjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2006–2010

Table 6. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2006–2010

	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2009–2010	2006–2010
Heildarfjöldi gistinátta							
Total number of overnight stays	2.457.068	2.644.745	2.735.989	2.999.959	2.991.522	-0,3	21,8
Íslendingar <i>Iceland</i>	737.928	776.572	793.291	870.384	862.349	-0,9	16,9
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.719.140	1.885.138	1.942.698	2.129.575	2.129.173	0,0	23,9
Danmörk <i>Denmark</i>	112.640	112.146	113.930	122.266	129.347	5,8	14,8
Svíþjóð <i>Sweden</i>	88.805	103.274	98.815	98.890	88.394	-10,6	-0,5
Noregur <i>Norway</i>	80.773	87.295	87.504	92.493	95.843	3,6	18,7
Finnland <i>Finland</i>	27.404	30.436	30.658	34.029	33.220	-2,4	21,2
Bretland <i>U.K.</i>	246.590	268.467	272.349	278.604	260.258	-6,6	5,5
Írland <i>Ireland</i>	9.427	11.393	12.601	11.081	10.365	-6,5	10,0
Þýskaland <i>Germany</i>	286.728	307.748	334.841	395.881	424.010	7,1	47,9
Holland <i>Netherlands</i>	82.525	102.125	118.054	118.597	116.014	-2,2	40,6
Belgía <i>Belgium</i>	17.742	23.316	27.657	35.048	43.920	25,3	147,5
Frakkland <i>France</i>	132.808	134.494	150.923	175.073	179.194	2,4	34,9
Sviss <i>Switzerland</i>	50.565	57.295	54.753	62.344	66.997	7,5	32,5
Austurríki <i>Austria</i>	22.368	25.289	30.615	40.115	41.170	2,6	84,1
Ítalía <i>Italy</i>	69.353	74.401	73.835	88.020	66.600	-24,3	-4,0
Spánn <i>Spain</i>	56.223	63.139	70.699	84.635	67.998	-19,7	20,9
Önnur Evrópulönd <i>Other European Countries</i>	86.145	97.121	106.478	106.152	117.573	10,8	36,5
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	154.760	148.651	135.725	144.437	159.412	10,4	3,0
Kanada <i>Canada</i>	15.329	24.687	30.627	35.608	40.517	13,8	164,3
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	3.263	3.519	4.806	4.758	4.496	-5,5	37,8
Japan <i>Japan</i>	23.131	21.206	20.935	23.098	19.290	-16,5	-16,6
Kína <i>China</i>	14.646	16.750	10.094	11.118	9.444	-15,1	-35,5
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	13.399	11.738	14.285	20.220	20.014	-1,0	49,4
Afríka <i>Africa</i>	2.990	3.119	4.994	4.159	3.702	-11,0	23,8
Eyjaálfa <i>Australia</i>	9.877	8.665	10.152	12.125	12.113	-0,1	22,6
Lönd áður ótalin/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	111.649	148.864	127.368	130.824	119.282	-8,8	6,8
Heildarfjöldi gestakoma							
Total number of arrivals	1.436.505	1.548.032	1.609.355	1.841.225	1.759.807	-4,4	22,5
Íslendingar <i>Iceland</i>	465.684	490.431	503.338	561.120	546.732	-2,6	17,4
Útlendingar <i>Foreigners</i>	970.821	1.057.601	1.106.017	1.280.105	1.213.075	-5,2	25,0
Danmörk <i>Denmark</i>	60.074	58.092	60.813	64.988	64.753	-0,4	7,8
Svíþjóð <i>Sweden</i>	38.736	46.031	42.551	42.928	36.112	-15,9	-6,8
Noregur <i>Norway</i>	35.750	38.888	38.121	40.569	41.524	2,4	16,2
Finnland <i>Finland</i>	10.876	13.341	12.552	15.207	13.402	-11,9	23,2
Bretland <i>U.K.</i>	116.387	128.241	131.772	131.997	118.278	-10,4	1,6
Írland <i>Ireland</i>	4.847	5.754	6.701	6.013	4.941	-17,8	1,9
Þýskaland <i>Germany</i>	174.701	184.432	204.591	253.578	268.130	5,7	53,5
Holland <i>Netherlands</i>	52.177	65.718	74.832	77.165	67.684	-12,3	29,7
Belgía <i>Belgium</i>	11.850	15.999	19.034	26.352	30.791	16,8	159,8
Frakkland <i>France</i>	97.068	97.593	110.803	134.935	129.419	-4,1	33,3
Sviss <i>Switzerland</i>	31.039	35.867	36.069	45.374	46.833	3,2	50,9
Austurríki <i>Austria</i>	15.828	17.524	20.614	29.275	28.771	-1,7	81,8
Ítalía <i>Italy</i>	53.007	56.574	55.172	69.344	50.099	-27,8	-5,5
Spánn <i>Spain</i>	41.352	44.931	51.465	65.178	48.957	-24,9	18,4

Tafla 6. Heildarfjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2006–2010 (frh.)
Table 6. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2006–2010 (cont.)

	2006	2007	2008	2009	2010	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2009–2010	2006–2010
Önnur Evrópulönd <i>Other European Countries</i>	41.456	44.310	52.935	63.779	67.279	5,5	62,3
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	77.107	72.110	66.754	73.340	78.493	7,0	1,8
Kanada <i>Canada</i>	8.016	11.835	17.603	21.934	22.253	1,5	177,6
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	1.527	1.902	2.416	2.343	2.440	4,1	59,8
